

	Bls.
Vísnaþeppni 1978	1
Ársskýrsla bókasafns og Safnahúss	2
Ársskýrsla Skjalasafns	6
Skráning ljósmynda	9
Listasafn Skagfirðinga	17
Frá „Árnasafni“	24
Bóka- og handritagjafir til Héraðsskjalasafns	26
Gömul og góð hugmynd	29
Úr Héraðsskjalasafni	33
Hver er maðurinn?	41
Safnafréttir	44

2. árgangur 1978

safna mal



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON
Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXVIII

Vísnaþkeppni 1978

Í hefti Safnamála 1977 greindi frá Menningarsjóði Magnúsar Bjarnasonar kennara og fyrstu vísnaþkeppni á vegum sjóðsins. Jafnframt var þar boðað til nýrrar vísnaþkeppni, svo sem reglur sjóðsins kveða á um, og skyldu botnar og heilar vísur berast Héraðsskjalasafni fyrir árslok 1977.

Nú er skemmst frá því að segja, að langtum færri sinntu vísnaþkeppninni að þessu sinni en vonast var til — og mun færri en árið áður. Þetta er mjög miður að dómi safnstjórnar, því að jafn daufar undirtektir geta, ef svo heldur fram, spillt þakkarverðu markmiði sjóðsstofnanda. Fólk er því enn á ný hvatt til að skerast ekki úr leik, heldur sýna það og sanna, að vísnaþgerð, hin gamla og göfuga íþrótt, sé ekki að deyja út í Skagafirði.

Þar eð síðasta vísnaþkeppni náði ekki tilgangi sínum vegna þátttökunnar, þótti rétt að fella verðlaun niður nú, en hafa þau sem því svarar ríflegri næst, í fullu trausti þess, að þá muni mál betur skipast.

Líkt og áður er þess farið á leit, að menn sendi heilar vísur, áður óprentaðar, um tiltekið yrkisefni, í þetta skipti *Drangey*. Drangeyjarvísur margs konar eru til, en gaman að menn spreyti sig nú á að auka góðum vísu­m í þá syrpu.

Fyrripartarnir, sem botna skal, hljóða þannig:

Þegar eitthvað amar mér,
á ég vin í Grána.

— —
Þjóðin vor, hún þykist fjáð,
er þurfalingur ei að síður.

Skilafrestur er til 15. febrúar 1979.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1977

Talsverður vöxtur var í starfsemi bókasafnsins á árinu. Frá og með 1. febrúar var aukinn opnunartíminn úr 10 í 12 stundir á viku. Var opnað kl. 2 á föstudögum og það einkum hugsað til hagræðis fyrir fólk úr héraðinu, ef það gæti frekar notfært sér þjónustu safnsins. Í tengslum við þessa breytingu var fjölritað dreifibréf og sent á öll heimili í Skagfirði. Voru þar kynntir afgreiðslutímar safnanna og fólk hvatt til að notfæra sér þjónustu þeirra. Virtist þetta bera nokkurn árangur. Þá var nú í fyrsta sinn opið til útlána allt árið, en einungis tvo daga í viku, á mánudögum og föstudögum, frá júlí byrjun til september loka. Mæltist þessi nýbreytni vel fyrir.

Í apríl hætti Birna Guðjónsdóttir störfum við afgreiðslu í bókasafninu, en í hennar stað réðist Anna Pálsdóttir. Þá fékk bóka-vörður, Hjalti Pálsson, launalaust leyfi yfir sumarmánuðina júní - september, tók Eiríkur Rögnvaldsson við hans starfi á meðan.

Lánþegar voru frá hausti 1976 til vors 1977: 250 fullorðnir og 183 börn. Gjald fyrir lánskírteini var hið sama og árið áður. Útlánsdagar urðu alls 170 og tala lánaðra binda 24.262, sem er 13,4% aukning frá fyrra ári. Greinist þetta þannig niður:

2 . *Safnamál*

Þýddar skáldsögur	16.382
Skáldverk eftir ísl. höfunda	4.653
Ævisögur og fræðibækur ýmiss konar	2.698
Tímarit	437
Skáldverk á erlendum málum	92

Samtals 24.262

Fimm íslenzkir höfundar voru með yfir hundrað útlán á árinu, og hefur Guðrún frá Lundi enn vinninginn með 229 útlán, en Ingi-björg Sigurðardóttir veitir henni harða keppni með 212. Jenna og Hreiðar voru með 172, Snjólaug Bragadóttir 148 og Guðrún Helgadóttir 121. Á bilinu milli fimmtíu og hundrað lán voru 16 höfundar.

Keyptar bækur á árinu voru samtals 520 og númer í aðfangabók um áramót 14.340. Stefán Magnússon bókbindari batt alls 338 bækur fyrir safnið, og var nú m.a. byrjað að binda úr hinu mikla safni Árna G. Eylands.

Um veturnætur fór bóka-vörður til Reykjavíkur og sótti þá m.a. bókasafn það, sem Páll Sigurðsson bóka-vörður í Reykjavík ána-fnaði söfnunum. Skiptu skjalavörður og bóka-vörður bókunum milli safnanna eftir edli þeirra, þannig að í hlut skjalasafnsins komu flestar bækur sagnfræðilegs og þjóðfræðilegs edlis, en bókasafnið hlaut allt, sem taldist bókmenntalegt. Urðu það samtals 603 bindi, er bókasafnið fékk, eða 531 titill. Var í þessu margt góðra bóka, einkanlega ýmsar fágætar ljóðaútgáfur, sem safnið átti ekki fyrir, margar hverjar. Ekki vannst tími til þess fyrir áramót að skrá og koma fyrir þessu safni og bíður það, unz um hægist eftir áramótin, en hér er um dýrmæta gjöf að ræða. Margir fleiri gáfu bækur og blöð og eru öllu þessu fólki færðar beztu þakkir.

Á árinu veitti Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks rausnarlegan styrk til Héraðsbókasafnsins til bókakaupa að upphæð kr. 561.000.00. Þessir peningar voru lagðir inn á sérstaka bankabók. Er einkum ætlað að verja þeim til kaupa á ýmiss konar fræðibókum og reyna að bæta úr tilfinnanlegri vöntun á sumum sviðum. Um

Safnamál . 3

áramót varúið að kaupa alls 92 bækur fyrir kr. 223.125.00 úr þessum sjóði.

Safnahúsið var mikið notað nú sem endranær. Tónlistarskólinn leigði salina á neðri hæð yfir vetrarmánuðina, ennfremur fór þar fram hluti af söngkennslu barnaskólans. Samkór Sauðárkróks æfði hér, oftast tvisvar í viku, og fleiri aðilar fengu inni til söngæfinga og hljóðfæraleiks. Þá leigðu ýmsir húsnæði til fundahalda, hljómleikar voru haldnir, sýningar, bridgekeppni o.fl. Deilist þetta þannig niður: Bæjarstjórnarfundir voru 16, aðrir fundir 15, hljómleikar 6, málverkasýningar 3, spilakvöld 8, kjörfundir 2, kvöldvaka 1, dómþing 3, sýslufundur 1. Þá var í tilefni iðnkynningarárs haldin myndarleg iðnsýning á neðri hæð hússins dagana 19. til 22. maí og komu á hana yfir 2000 manns.

Ekki var unnið að byggingarframkvæmdum í kjallara á árinu, en hins vegar keypt verulega af húsbúnaði. Fengnir voru 100 stólar til hússins, sem kostuðu rúmlega eina milljón króna og til þess tekið lán í Búnaðarbankanum. Þá var keypt skrifborð og stóll til skjalasafns, einnig smíðaður skápur undir spjaldskrá myndasafns.

Stjórn safnanna skipa: Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason, Gunnar Helgason, Gísli Magnússon og Kristmundur Bjarnason. Starfsfólk var í árslok: Jóna Sveinsdóttir við ræstingu, Anna Pálsdóttir afgangslumaður í bókasafni, Kristmundur Bjarnason skjalavörður og Hjalti Pálsson bóka- og forstöðumaður Safnahúss.

Hjalti Pálsson.

Skrá yfir gefendur til bókasafnsins:

Árni Blöndal bóksali, Sauðárkróki.
Árni G. Eylands og frú, Reykjavík.
Friðrik J. Friðriksson læknir, Sauðárkróki.
Guðmundur Sæmundsson bólstrari, Reykjavík.
Guðrún Ágústsdóttir frú, Sauðárkróki.
Hjalti Pálsson bóka- og forstöðumaður, Sauðárkróki.
Kári Jónsson fulltrúi, Sauðárkróki.
Margrét Jóhannsdóttir frú, Sauðárkróki.
Páll Sigurðsson verzlunarmaður, Akureyri.
Páll Sigurðsson bóka- og forstöðumaður, Reykjavík.
Sigtryggur Björnsson kennari, Hólum.
Sigurður Ágústsson rafveitustjóri, Sauðárkróki.
Stefán Jónsson ættfræðingur, Höskuldssstöðum.
Ögmundur Helgsson kennari, Reykjavík.

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1977

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga starfaði með líkum hætti og verið hefur undanfarin ár. Áherzla lögð á að afla handrita og mynda og efla bókakost þess. Á síðastliðnu sumri var skjalavarzlan gerð að hálfu starfi (úr einum þriðja áður). Auglýstur afgreiðslutími er sem fyrr 6 klst. á viku, á fimmtudögum kl. 20-22 og á föstudögum kl. 14-18, en verður þó í reynd 8 klst. á viku. Ef óskað er eftir afgreiðslu á öðrum tímum af aðkomufólki, er slíkum beiðnum jafnan sinnt. Afgreidd erindi utan afgreiðslutíma, ýmist um síma eða með bréfaskriftum, voru 226, og bárust sem endranær hvaðanæva. — Skráðir gestir reyndust 574.

Sölvi Sveinsson vann að skráningu mynda eins og árið áður, og miðar því verki vel. Menningarsjóður K.S. stóð að mestu undir kostnaði. Leitast hefur verið við að efla myndakost safnsins, og bætist því alltaf í bú.

Héraðsskjalasafn og Héraðsbókasafn hófu á árinu útgáfu smárita, Safnamála, og hefur mælt vel fyrir. Meginástæðu til útgáfunnar má rekja til skilyrða, sem sett voru varðandi Menningarsjóð Magnúsar Bjarnasonar kennara um árlega vísnaþepni og auglýsingar þar að lútandi.

Samkvæmt beiðni ritstjóra Glóðafeykis, Gísla Magnússonar í

Eyhildarholti, rituðu Eiríkur Rögnvaldsson, Hjalti Pálsson og undirritaður greinar um safnamál Skagfirðinga í fyrrgreint rit. Áttu þær að birtast árið 1976, en komu í ritinu í fyrra. Söfnin fengu síðan sérprent af þeim.

Skagafjarðarsýsla og Sauðárkróksbær hafa hlúð vel að safninu og með því aukið veg þess út á við, þannig óbeint stuðlað að því, að æ fleiri fá því gögn til varðveislu, sem koma heimamönnum og öllum þeim, sem í söfn sækja til fanga, að góðum notum. — Skrá yfir gefendur fylgir þessari greinargerð.

Sauðárkróki, 18. maí 1978.

Kristmundur Bjarnason.

Skrá yfir gefendur mynda og handrita 1977

Anna Sigurðardóttir, Hjarðarhaga 26, Rvík.

Árbæjarsafn, Rvík.

Arnlfjótur Helgason, Merkigarði, Lýt.

Ásta Hansen, Svaðastöðum, Viðvíkurhr.

Berta Karlsdóttir, Sauðárkróki.

Bjarni Haraldsson, kaupm., Sauðárkróki.

Björn Egilsson, Sveinsstöðum, Lýt.

Björn Jónsson, læknir, Swan River, Man. Kanada.

Finnbogi Kristjánsson, prestur, Sauðárkróki.

Framsóknarfélag Lýtingsstaðahrepps.

Frosti Jóhannsson, fil. cand., Rvík.

Friðrik Hallgrímsson, Sunnuhvoli, Ak.

Gísli Jónsson, Viðivöllum, Ak.

Gísli Magnússon, Vöglum, Ak.

Hannes Pétursson, Túng. 25, Bessastaðahr.

Haukur Stefánsson, Viðigrund 13, Sauðárkróki.

Hilmar Jónsson, Hlíðarstíg 1, Sauðárkróki.

Hjörleifur Jónsson, Gilsbakka, Ak.

Hjörtur Benediktsson, Marbæli, Seyl.

Hólmfríður Jóhannesdóttir, Aðalg. 3, Sauðárkróki.

Hólfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.
Hróbjartur Jónasson, Hamri, Rípurhr.
Ingibjörg Jóhannsdóttir, Reynimel 22, Rvík.
Ingimundur K. Guðjónsson, Bárust. 6, Sauðárkróki.
Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslum., Víðigrund 5, Sauðárkróki.
Jón Ísberg, sýslum., Blönduósi.
Kaupfélag Fellshrepps.
Kristján Jóhannesson, Reykjum, Lýt.
Margrét Hjartardóttir og Steingrímur Guðjónsson, Bárug. 6, Rvík.
Margrét Jóhannsdóttir, Hólav. 26, Sauðárkróki.
María Haraldsdóttir, Bolungarvík.
Ottó A. Michelsen, forstjóri, Rvík.
Pála Pálsdóttir, Hofsósi.
Páll Pálsson, Smiðsgerði, Hólahr.
Páll Sigurðsson, Klapparstíg 3, Akureyri.
Páll Sigurðsson, docent, Dvergabakka 24, Rvík.
Pálmi Rögnvaldsson, Hofsósi.
Pétur Jónasson, Suðurg. 9, Sauðárkróki.
Ragnhildur Helgadóttir, Sæbraut 6, Seltjarnarnesi.
Sigfús Steindórsson, Steintúni, Lýt.
Sigrún M. Jónsdóttir, Suðurg. 10, Sauðárkróki.
Sigurður J. Gíslason, Fjólug. 14, Akureyri.
Sigurgeir Þórarinsson, Hólmagrund 5, Sauðárkróki.
Sigurjón Ísaksson, Auðarstræti 15, Rvík.
Sigurmon Hartmannsson, Kolkuósi.
Sigurmundur Baldvinsson, Austurg. 4, Hofsósi.
Skúli Tómasson, Oslo.
Stefán Hansen, Munkaþverárstr. 17, Akureyri.
Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum, Akr.
Sæmundur Dúason, Hríseyjarg. 2, Akureyri.
Sölvi Sveinsson, kennari, Rauðalæk 26, Rvík.

Skráning ljósmynda

Myndir eru meðal þess, sem varðveitt er á söfnum, og þá haft í huga myndrænt efni af öllu tagi, málverk, teikningar, kvikmyndir, ljósmyndir o.fl. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á allstórt safn ljósmynda, einkum af mönnum og mannvirkjum. Ennfremur eru í vörzlu safnsins póstkort og myndefni af öðrum toga.

Ljósmyndasafnið er að stofni til úr tveimur áttum: Sögufélag Skagfirðinga gaf safninu á sínum tíma fjölda mynda og hefur sífellt verið að bæta við. Kristján C. Magnússon var afar ötull myndasafnari og tók sjálfur ljósmyndir, m.a. af mönnum í dagsins önn. Sigrún M. Jónsdóttir, ekkja Kristjáns, gaf Héraðsskjalasafni Skagfirðinga safn manns síns eftir hans dag, mikið og gott að vöxtum. Þessar höfðinglegu gjafir eru ákaflega traustur grunnur til að reisa á, og raunin hefur orðið sú, að fjöldi aðila hefur falið safninu myndir sínar til varðveislu.

Nú kunna menn að spyrja, til hvers héraðsskjalasafn varðveiti myndir í sínum hirzlum. Lagalegt hlutverk þessarar stofnunar er að varðveita og skrá opinber skjalagögn, til þess að þau séu ætíð



Kristján C. Magnússon.

aðgengileg þeim, sem þau vilja kanna. Safninu hafa og borizt stórhöfðinglegar gjafir einstaklinga. Markmiðið er að safna saman á einn stað sem mestu af því, er vikur að sögu lands og lýðs í Skagafirði. Myndir eru vitaskuld snar þáttur í þeirri viðleitni; sjón er sögu ríkari. En til þess að myndefni sé aðgengilegt, þarf að skrá það rækilega. Kristján C. Magnússon hóf það verk, og því var fram haldið sumarið 1976. Hafizt var handa um að skrá *mannamyndir*. Leitað var ráða hjá Þjóðminjasafni, og hafa starfsmenn þess, safnverðirnir Halldór Jónsson og Guðmundur Ólafsson, verið einkar hjálplegir; ítarlegar leiðbeiningar Halldórs urðu raunar grundvöllur þess kerfis, sem haft er til leiðsagnar, en það er að öðru leyti samið hér á safninu. Mannamyndir eru í 4 stærðarflokkum; þær minnstu falla undir *visit*-stærð (10,5x6,5 cm), þá *cabinet* (16,5x10,5 cm), *folio* sem tekur við af cabinet, stærð allt að 35x24 cm, og stærri myndir en folio, gjarnan nefndar *jumbo*. Visit- og cabinetstærðir eru síðan flokkaðar í einstaklings- og hópmyndir. Það er vandalaust að skipa myndum í stærðarflokkana, ef mælikvarði er fyrir hendi. Þá er komið að sjálfri skráningunni. Myndirnar fá raðtölu innan hvers flokks, visit 1, 2, 3, o.s.frv. Síðan eru upplýsingarnar, sem tiltækar eru, færðar inn á tvöfalda spjaldskrá. Sérhver mynd fær svonefnt *myndspjald*. Á það er skráð nafn þess, sem á myndinni er, eða nöfn, ef um hópmynd er að ræða, og er mikil áherzla lögð á, að allir þekkist. Á myndspjald eru og skráðar upplýsingar um myndina sem slíka, hvenær hún sé tekin, feril hennar, nafn ljósmyndara, hvenær myndin barst safninu og hver sé gefandi. Raunar eru í fæstum tilvikum allar þessar upplýsingar fyrir hendi. Á næstu síðu eru dæmi um myndspjöld.

Í hinum hluta spjaldskrárinnar eru *heimildaspjöld*. Sérhver einstaklingur á mynd í eigu safnsins fær slíkt spjald. Á það er skráð nafn hans og heimili, ef unnt er, og ætíð er kostað kapps um, að ekki fari milli mála, hver maðurinn sé. Á þessum spjöldum er að öðru leyti vísað til flokks og raðtölu á mynd, þar sem viðkomandi getur að líta. Þessum spjöldum er raðað eftir stafrófi, og er því að svipstundu hægt að komast að raun um, hvort mynd sé til af tilteknum manni.

Hcab. 315

Aðgerð á "Gömlu bryggju", Sauðárkróki
Talið frá vinstri: Sigurður og Helgi
Guðmundssynir í Salnum, Lárus Runólfs-
son, Aðalsteinn Jónsson

Ljósmynd: Kristján C. Magnússon

Safn Kristjáns C. Magnússonar

Helgi Guðmundsson sjómaður á Sauðár-
króki (1896-1957)

Hvis. 17 (1.f.v.)

Hcab. 315 (2.f.v.)

Þegar þetta er ritað, í júlílok 1978, er lokið við að skrá rúmlega 5000 myndir af nokkru færri einstaklingum. Flest hefur fólkið verið búsett í Skagafirði um eitthvert skeið ævi sinnar, en myndir eru til af mönnum úr flestum sveitum landsins. Fjöldi mynda er til af Íslendingum í Vesturheimi, en því miður eru þær margar ómerktar. Meirihluti þessa fólks er fæddur á seinni hluta 19. aldar og í byrjun þeirrar 20., en til eru myndir af mönnum, sem fæddir eru laust fyrir 1800.

Enn hefur sú aðferð ekki verið fundin upp, er varðveitir myndir áfallalaust um aldur og ævi. Héraðsskjalasafnið reynir þó að fylgjast með af beztu getu og keypti sérstaklega tvo stálskápa fyrir myndir. Ekki er ljóst, hvaða efni hentar best í umbúðir, en sem stendur eru myndirnar settar í plastumslög og verða þar, unz safnið hefur ráð á öðru betra. Reynt er að handfjatla myndirnar sem minnst, því að þær eru viðkvæmar. Þar kemur að góðu haldi hin



Sölvi Sveinsson við myndskráningu.



Aðgerð á „Gömlu bryggju“ á Sauðárkróki.

tvöfalda spjaldskrá, því að myndspjöldin geyma þær upplýsingar, sem á myndina eru skráðar.

Fyrirhugað er að semja spjaldskrár yfir ljósmyndara og gefendur, en brýnna er að fá borin kennsl á gamlar, ómerktar myndir. Það verður raunar aldrei nóg samlega brýnt fyrir fólki að merkja myndir sínar rækilega, ef þess er kostur. Mikill tími hefur farið í að ganga um „borg og bý“ með myndir til að sýna roskenndu fólki, en því miður hefur árangurinn orðið rýr, miðað við þann fjölda mynda, sem fyrir liggur.

Héraðsskjalasafnið hlýtur að hafa það markmið með myndasöfnun sinni, að fyrir liggi myndir af flestum þeim, sem hafa lifað og starfað í Skagafirði á síðari áratugum. Fjöldi fólks styður þessa viðleitni með því að gefa myndir á safnið, og þær gjafir hljóta að verða styrkasta stoð safnsins. Þó rekur fljótlega að því, að safnið eignist fullkomin tæki til ljósmyndunar og framköllunar og hefji

skipulega ljósmyndun manna, minja og nývirkja. Þriðja stoðin undir framtíðarvexti myndasafnsins eru svo eftirtökur mynda í öðrum söfnum, heima og erlendis, og hjá einstaklingum, og er það verk þegar hafið.

Væntanlega verður fljótlega hafizt handa um skráningu annarra ljósmynda en af fólki. Um þær gilda aðrar reglur, og verður ekki um þær rætt að sinni.

Sölvi Sveinsson.

Úr myndasafninu



Mynstur á kyrtli, eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar málara.



Á Þingvöllum 1874.



Kona á faldbúningi. Teikning Sigurðar Guðmundssonar málara.

Listasafn Skagfirðinga

Þegar undirbúningur að byggingu Safnahúss Skagfirðinga hófst, munu þeir, sem um hana fjölluðu, einkum hafa haft í huga þarfir bóka- og skjalasafns. En fljótlega komu fram hugmyndir um, að fleiri söfnum yrði ætlaður þar staður, svo sem listasafni.

Árið 1968 barst stjórn bóka- og skjalasafnsins eftirfarandi bréf:

Á aðalfundi Sparisjóðs Sauðárkróks, sem haldinn var 27. apríl s.l. var samþykkt að veita Bóka- og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga kr. 270.000 úr Menningarsjóði Sparisjóðs Sauðárkróks til stofnunar listasafns, er staðsett yrði í hinum nýju húsakynnum stofnunarinnar hér á Sauðárkróki.

Fjárhæðarinnar má vitja í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki. Þetta tilkynnist yður hér með.

Í stjórn Sparisjóðs Sauðárkróks.

Stefán Ólafur Stefánsson (sign.)
Sæmundur Á. Hermannsson (sign.)
Egill Bjarnason (sign.)

Með þessu myndarlega framlagi Sparisjóðs Sauðárkróks var lagður grundvöllur að Listasafni Skagfirðinga. Fyrstu myndina keypti safnið árið 1969, pastelmynd: „Við Gönguskarðsá“ eftir Elías B. Halldórsson. Í safninu eru nú (1978) 33 listaverk eftir 22 höfunda; í þeim hópi eru nokkrir af virtustu málurum landsins.

Ekki verður sagt, að vöxtur listasafnsins hafi verið mikill þessi ár, enda hefur því ætíð verið fjár vant. Stofnframlagið reyndist þó harla drjúgt, en aðrir styrkir hafa verið fáir og smáir. Safninu hafa borizt nokkrar verðmætar gjafir, og er gefendanna getið í skrá þeirri, sem hér fer á eftir.

Almenningur hefur jafnan haft færi á að skoða verk safnsins; myndir hafa hangið uppi í bókasafni, lestrarsal og víðar í Safnahúsinu. Auk þess var haldin sýning á öllum verkum listasafnsins árið 1976, og var hún opin um tveggja mánaða skeið.

Veigamikill þáttur í starfsemi Listasafns Skagfirðinga hafa verið myndlistarsýningar; að frumkvæði þess hefur jöfnum höndum verið efnt til samsýninga og sýninga á verkum einstakra málara. Sýningarsalur Safnahússins var fullgerður 1974. Áður höfðu þó verið haldnar þar nokkrar sýningar, ýmist á vegum safnsins sjálfs eða annarra aðila. Sú starfsemi hefur færst í vöxt nú undanfarið, enda aðstæður ákjósanlegar. Sýningarnar hafa vakið áhuga almennings, og eftirtektarvert er, að málverkæign Skagfirðinga hefur aukizt að miklum mun hin síðari ár, vafalítið fyrir áhrif frá þessari starfsemi.

Listasafnið lýtur stjórn Safnahússins. Því hefur ekki enn verið sett skipulagsskrá, en þess að vænta, að hún líti dagsins ljós áður en langir tímar líða.

Safnið býr að ýmsu leyti við þröngan kost. Eins og áður getur eru fjármunir þess af skornum skammti. Það vantar geymslur fyrir listaverk, sem ekki eru til sýnis hverju sinni, en úr því rætist, þegar kjallari Safnahússins kemst í gagnið, þar er listasafninu fyrirhugað geymslurými.

Listaverkaskráin, sem fer hér á eftir, er tekin saman eftir aðfangabók listasafnsins.

K. J.

Nr. 1.
Elías B. Halldórsson:
Við Gönguskarðsá.
pastel
landslag
46 x 66 cm
Í ramma með gleri.
Ómerkt.
Keypt af listamanninum árið 1969.

Nr. 2.
Elías B. Halldórsson:
Heyannir.
olía
90 x 120 cm
Í ramma.
Merkt: Elías B. H.
Keypt af listamanninum.

Nr. 3.
Elías B. Halldórsson:
Torfristumaður.
olía
105 x 140 cm
Í ramma.
Merkt: Elías B.H.
Keypt af listamanninum.

Nr. 4.
Jón Stefánsson:
[nafnlaus]
olía
landslag
73 x 98 cm
Í ramma.
Merkt: Jón Stefánsson.
Keypt á málverkaupboði hjá Sigurði Benediktssyni síðla árs 1970.

Nr. 5.
Ásgrímur Jónsson:
[nafnlaus]
olía

landslag, trúlega frá Húsafelli
65 x 80 cm
Í ramma.
Merkt: Ásgrímur J.
Áletraður silfurskjöldur: *Sauðárkrókur 1871 - 1971. Frá Skagfirðingafélögunum í Reykjavík.*

Nr. 6.
Jóhannes S. Kjarval:
[nafnlaus]
olía
fantasía
98 x 145 cm
Í ramma.
Merkt: Kjarval 1936.
Áletraður silfurskjöldur: *Sauðárkrókur 1871 - 1971. Frá Skagfirðingafélögunum í Reykjavík.*

Nr. 7.
Sigurður Hallmarsson:
Kinnarfjöll.
olía
landslag
80 x 110 cm
Í ramma.
Merkt: Sig. Hallmarss. '71.
Áletraður silfurskjöldur: *Sauðárkrókur 1871 - 1971. Frá Húsavíkurkaupstað.*

Nr. 8.
Ragnar Páll:
Bátar á Siglufirði.
vatnslitir
bátar við bryggju, sér til Skútudals.
Í ramma með gleri.
Merkt: Ragnar Páll 1971.
Áletraður silfurskjöldur: *Sauðárkrókur 100 ára 1971. Frá Skagfirðingafélögunum í Siglufjarðar.*

Nr. 9.
Halla Haraldsdóttir:
Jarðskurn. (nafn á bakhlið)
steinmulningur á krossvið
abstrakt
78 x 100 cm
Án ramma, platan fest á járnramma
með viðfestri keðju.
Merkt: Halla Haralds. 1968.
Áletraður silfurskjöldur: *Sauðárkrókur*
100 ára byggðarafmæli.
Siglufjarðarkaupstaður.

Nr. 10.
Kári Eiríksson:
[nafnlaus]
olía
75 x 130 cm
Í ramma.
Merkt: Kári.
Áletraður silfurskjöldur: *Á 100 ára*
byggðarafmæli Sauðárkróks 1971. Frá
bæjarstjórn Akureyrar.

Nr. 11.
Jóhann Briem:
Á ströndinni.
olía
90 x 115 cm
Í ramma.
Merkt: Jóhann Briem.
Gjöf sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til
Sauðárkróks á 100 ára byggðarafmæli
1971.

Nr. 12.
Magnús Jónsson:
Úr Hegræsi.
olía
landslag
90 x 125 cm
Í ramma. Merkt: M. J.

Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 1971.
Gefendur: Margrét Hjartardóttir og
Steingrímur J. Guðjónsson, Bárugötu
6 Reykjavík. Til minningar um
Þorstein Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfund) og konu hans, Gróu
Árnadóttur. Gjafabréf dagsett 25. júní
1971.

Nr. 13.
Magnús Jónsson:
Frá Mælifelli.
olía
landslag
81 x 102 cm
Í ramma.
Merkt: Magnús Jónsson.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 1971.
Gefendur: Margrét Hjartardóttir og
Steingrímur J. Guðjónsson, Bárugötu
6 Reykjavík. Til minningar um
Þorstein Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfund) og konu hans, Gróu
Árnadóttur. Gjafabréf dagsett 25. júní
1971.

Nr. 14.
Magnús Jónsson:
Frá Mælifelli.
vatnslitir
landslag
38 x 57.5 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: M. J. 20.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 1971.
Gefendur: Margrét Hjartardóttir og
Steingrímur J. Guðjónsson, Bárugötu
6 Reykjavík. Til minningar um
Þorstein Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfund) og konu hans, Gróu
Árnadóttur. Gjafabréf dagsett 25. júní
1971.

Nr. 15.
Ásgeir Bjarnþórsson:
Þorsteinn Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfundur).
olía
portrett
50 x 60 cm
Í ramma.
Merkt: Ásgeir 1965.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 1971.
Gefendur: Margrét Hjartardóttir og
Steingrímur J. Guðjónsson, Bárugötu
6 Reykjavík. Til minningar um
Þorstein Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfund) og konu hans, Gróu
Árnadóttur. Gjafabréf dagsett 25. júní
1971. Myndin er máluð eftir 80 ára
afmælið 1965. Þorsteinn er fæddur 23.
ágúst 1885.

Nr. 15 b.
Heiðursskjal
frá Félagi íslenskra rithöfunda 1966 til
Þorsteins Jónssonar.
35 x 49 cm.
Í ramma með gleri.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 1971.
Gefendur Margrét Hjartardóttir og
Steingrímur J. Guðjónsson, Bárugötu
6 Reykjavík. Til minningar um
Þorstein Jónsson (Þóri Bergsson
rithöfund) og konu hans, Gróu
Árnadóttur. Gjafabréf dagsett 25. júní
1971.

Nr. 16.
Elías B. Halldórsson:
Í Skarðsárgili.
olía
landslag
50 x 70 cm
Í ramma.
Merkt: Elías B. H. (á bakhlið: Úr
Skagaf. '69)
Keypt af listamanninum.

Nr. 17.
Jónas Guðvarðarson:
Til heiðurs málara.
50 x 61 cm
Fest á krossvið í ramma.
Merkt: Jónas '71. (á bakhlið: Til
heiðurs málara; *Homage to painter;*
Homage a pinter; orginal Jónas.
Palma í jan. 1971.)
Myndin er gefin Listasafni
Skagfirðinga af listamanninum í júlí
1971.

Nr. 18.
Guðmundur Benediktsson:
Samhyggja.
standmynd úr eir
hæð 135 cm
Keypt á Listkynningarsýningu
Sambands skagfirzkra kvenna í
Safnahúsinu í apríl 1973.

Nr. 19.
Kalervo Konster (finnskur):
Sírenur.
olía
blómamynd máluð á moshonit
21 x 68 cm
Í ramma.
Merkt: Konster.
Látin sem greiðsla fyrir sýningu í
Safnahúsinu 1973.

Nr. 20.
Jóhannes Geir Jónsson:
Úr Skagafirði.
pastel
hestar á beit
60 x 77 cm
Í tvöföldum ramma með gleri.
Merkt: Jóh. Geir '73.
Keypt af listamanninum 1973.

Nr. 21.
Jónas Guðvarðarson:
Landslag.
52 x 59 cm
Fest á krossvið í ramma.
Ómerkt.
Keypt á málverkasýningu Junior Chamber í apríl 1974.

Nr. 22.
Sigurður Sigurðsson:
Vetur í Svínahrauni.
olía
landslag
70 x 90 cm
Í ramma.
Merkt: Sigurður.
Keypt á málverkasýningu Junior Chamber í apríl 1974.

Nr. 23.
Einar G. Baldvinsson:
Frá Djúpwík.
olía
landslag og bryggjur
75 x 95 cm
Án ramma.
Merkt: E.G. Baldvins.
Keypt á málverkasýningu Junior Chamber í apríl 1974.

Nr. 24.
Þórður Hall:
Ummyndun I.
grafík (sáldþrykk)
38 x 38 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: 1/20 „Ummyndun I“ Þ Hall '76
Keypt á sýningu Listasafnsins í Sæluviku í marz 1977.

Nr. 25.
Þórður Hall:
Ummyndun II.
grafík (sáldþrykk)
38 x 38 cm
Í ramma með gleri
Merkt: 1/20 „Ummyndun II“ Þ Hall '76.
Keypt á sýningu Listasafnsins í Sæluviku í marz 1977.

Nr. 26.
Valtýr Pétursson:
Vesturhöfnin.
olía
skip og bátar við bryggju
70 x 70 cm
Í ramma.
Merkt: Valtýr '77.
Keypt á sýningu Listasafnsins í Sæluviku í marz 1977.

Nr. 27.
Elías B. Halldórsson:
Úr Hegræsi.
vatnslitir
44 x 54.5 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: Elías B. H. '76.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá listamanninum í maí 1977.

Nr. 28.
Elías B. Halldórsson:
Veðikona.
vatnslitir
41.5 x 51.5 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: Elías B. H. '76.
Keypt af listamanninum á sýningu í Safnahúsinu í maí 1977.

Nr. 29.
Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá:
[nafnlaus]
svartlitarmynd á pappír
21 x 29.5 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: (á bakhlið) Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá 1968.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá Ingibjörgu Jóhannsdóttur frá Löngumýri, 4. ágúst 1977.

Nr. 30.
Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá:
[nafnlaus]
svartlitarmynd á pappír.
21 x 29.5 cm
Í ramma með gleri.
Merkt (á bakhlið) Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá 1968.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá Ingibjörgu Jóhannsdóttur frá Löngumýri, 4. ágúst 1977.

Nr. 31.
Jóhannes Geir Jónsson:
Ellidaár um vetur (1977)
olía
landslag
90 x 125 cm

Í ramma.
Merkt: Jóh. Geir '77.
Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá listamanninum á sýningu Junior Chamber í Safnahúsinu í júlí 1977.

Nr. 32.
Magnús Kjartansson:
Ævintýri Indíafara.
klippimynd
45 x 58 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: M. K. '78
Keypt á sýningu Listasafnsins í Sæluviku í apríl 1978.

Nr. 33.
Ómar Skúlason:
Leiðin okkar 6.
sprauta
60 x 76 cm
Í ramma með gleri.
Merkt: (á bakhlið) Ó. SK.
Keypt á sýningu Listasafnsins í Sæluviku í apríl 1978.

Nr. 34.
Þorbjörg Guðmundsdóttir:
Riddarateppi
gobelínsaumur í jafa
saumað eftir Riddarateppinu í Þjóðminjasafni
112x132 cm
Í ramma.
Ómerkt.
Álstraður silfurskjöldur: *Til Sauðárkrókskaupstaðar á hundrað ára afmæli* 1971.
Þorbjörg Guðmundsdóttir, Þorkell Sigurðsson.

Frá „Árnasafni“

Árni G. Eylands er fæddur 8. maí 1895 að Þúfum í Óslandshlíð. Foreldrar hans voru Guðmundur Guðmundsson bóndi þar og kona hans Þóra Friðbjarnardóttir. Árni ólst upp hjá foreldrum sínum



Árni G. Eylands og frú Margit Eylands.

Árni kvæntist 21. marz 1918, Margit, fæddri 5. ágúst 1896, dóttur Eirik Larsson Fosstveit frá Sauda í Noregi.

24 . Safnamál

á ýmsum bæjum austan Vatna, en lengst á Hólum, þar sem faðir hans var allmörg ár yfirlestamaður fyrir búíð og skólann í tíð Jósefs skólustjóra. Vorið 1913 varð Árni búfræðingur frá Hólum og sigldi til Noregs um haustið, þar sem hann dvaldist við landbúnaðarnám og störf hin næstu ár; var einnig við verknám í Þýzka-landi sumarið 1914.

Eftir heimkomuna gerðist Árni ráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands 1921; var síðar lengi fulltrúi í stjórnarráðinu. Á meira en 40 ára starfsferli gegndi hann fjöldamörgum embættisstörfum á sviði landbúnaðar- og félagsmála og oftlega sem fulltrúi Íslands á ráðstefnum og sýningum erlendis.

Árni hefur ritað fjölda greina í blöð og tímarit, bæði íslensk og erlend, einnig sent frá sér margar bækur og ritlinga, sem flest fjalla um málefni landbúnaðar. Þá hefur hann fengizt talsvert við ljóðagerð og gefið út nokkrar kvæðabækur.

Árni hefur bundið tryggð við æskuslóðir sínar, Skagafjörð og Hóla og á margan hátt sýnt ræktarsemi við héraðið. Árið 1964 sendu þau hjón Héraðsbókasafni Skagfirðinga allmarga kassa af bókum og tímaritum; hafði þó áður borizt frá þeim nokkuð af ritum.

Við þessar gjafir hafa þau verið að bæta allt fram á þennan dag, og er safn þetta orðið hið merkilegasta. Hér er að langmestu leyti um að ræða rit á sviði landbúnaðar, bækur og tímarit, flest á norðurlandamálum, en einnig á ensku og þýzku. Hefur Árni verið óþreytandi að reyna að „complettera“ tímaritin, og er honum mjög í hug, að þetta safn hans megi verða sem bezt og koma að sem mestum notum.

Mikill hluti tímaritanna er enn óbundinn og geymdur í kössum, en talsvert er þegar bundið og hefur því verið komið fyrir í sérstakri hillusamstæðu á lestrarsal bókasafnsins. Þá var í sumar hafin skráning á bókum úr safni Árna, mun því haldið áfram næstu ár og heilleg tímarit sett í band. Er þá þess að vænta, að þetta merka safn komist í viðunandi horf, en trúlega er það eitt mesta landbúnaðar-bókasafn hérlendis.

Ég vil að endingu fyrir hönd Héraðsbókasafnsins og Skagfirðinga færa þeim hjónum, Árna og Margit, beztu þakkir fyrir stórgjafir og hugulesemi við safnið um langt skeið og óska þeim blessunar í ellinni.

Hjalti Pálsson.

Safnamál . 25

Bóka- og handritagjafir til Héraðsskjalasafns

Enn einu sinni hafa Héraðsskjalasafninu borizt stórgjafir. Að þessu sinni frá Sigurði J. Gíslasyni fv. kennara og Páli Sigurðssyni bókaverði. Verða gjafir þessar ekki metnar til fjár. Héraðsskjalasafnið þakkar af alhug slíka ræktarsemi.

Hinn 9. desember sl. var gengið frá gjafabréfi Sigurðar J. Gíslasonar. Með því gaf hann Héraðsskjalasafni Skagfirðinga hið mikla vísnaðsáfn sitt, handrit og önnur rituð gögn, svo og myndir og bókasafn. Bókasafnið er mikið að vöxtum og getur þar mjög fágættra bóka; má þar nefna Vísnaðsbók Guðbrands biskups. Gjafir þessar verða í vörzlu Sigurðar, meðan hann lifir, og eru skilyrtar.

Geta má þess, að Sigurður hefur unnið að vísnaðsöfnun í nærfellt 70 ár, og mun safn hans eitt hið mesta í einstaklings eigu, þar eru skráðar yfir 100 þúsund vísur. Það lætur að líkum, að ýmsir hafi borið víurnar í það, svo og bókasafnið, og boðið stórfé, en Sigurður kaus að hafa fyrrgreindan hátt á.

Sigurður Jóhann Gíslason fæddist á Skarðsá í Sæmundarhlíð 6. júlí 1893. Foreldrar hans voru Gíslí, bóndi á Bessastöðum þar í sveit, og Guðbjörg Guðmundsdóttir frá Krossi í Óslandshlíð. Sigurður var gagnfræðingur frá Akureyri 1915; stundaði síðan nám í lýðskólunum á Jaðri og Voss í Noregi; því næst í Askov. Sótti íslenzkutíma hjá Sigurði skólameistara Guðmundssyni í Kennaraskólanum og



Sigurður J. Gíslason.

M.A. og fl. Hann var kennari Hofs- og Rípurskólahverfis 1919-1920 og Hofsskólahverfis aftur 1933-1934. Kenndi og við unglingskóla í Óslandshlíð og Hofsósi nokkra vetur. Við Iðnskólann á Siglufirði kenndi hann 1938-1944 og við gagnfræðaskólann þar 1940-1944. Kenndi börnum og unglungum í einkatímum á Siglufirði og Akureyri, í Reykjavík o.v. Eftir að hann hætti kennslu, gerðist hann skrifstofumaður á Akureyri, þar sem hann dvelst nú. Sigurður hefur og unnið að þýðingum, enda mikill tungumálagarpur. Hagmæltur er hann vel, á t.a.m. nokkrar stökur í Skagfirzstum ljóðum.

Hinn 4. júlí 1977 lézt *Páll Sigurðsson* bókavörður við Borgarbókasafnið í Reykjavík. Gaf hann söfnunum bækur sínar, Héraðsskjalasafninu myndir, handrit og nokkra gamla muni.



Páll Sigurðsson bókavörður.

Páll fæddist á Sauðárkróki 25. ágúst 1905, sonur hjónanna Sigurðar Pálssonar héraðslæknis og Þóru Gísladóttur. Barnungur fluttist hann til Reykjavíkur og átti þar heimili upp frá því. Hann starfaði í Bæjarbókasafni Reykjavíkur (sem síðar nefndist Borgarbókasafn) frá hausti 1939 fram til áramóta 1975-1976.

Páll tók þeirri tröllatryggð við bernskustöðvar sínar, að hann vitjaði þeirra eins oft og hann átti kost á og hvert sumar síðasta áratuginn, sem hann lifði.

Bókavörður og skjalavörður skiptu safni Páls Sigurðssonar milli stofnananna, og hlaut skjalasafnið 163 titla, margs konar fræðibækur, sumar torgætar.

Gömul og góð hugmynd

Hérlendis hafa orðið geysimiklar samgöngubætur frá því á síðasta fjórðungi 19. aldar. Akvegir kvíslast nú um allar sýslur, jafnvel einnig um öræfaslóðir, og hvert vatnsfallið eftir annað hefur verið brúað. Miðað við aðstæður, fámenni en stórt land og örðugt yfirferðar eins og það kom úr smíðju náttúrunnar, þá er óhætt að hæla þjóðinni fyrir þetta umbótastarf, enda þótt margoft sé talað hátt um vonda vegi og vondar brýr.

Þegar bifreiðir komu til og tóku að voga sér út um byggðir landsins, þræddu þær mikið póstleiðirnar gömlu. Sums staðar fóru þær leiðir ágætlega saman við þarfir bílkeyrslu-alda, en annars staðar miklu miður, og ber vegakerfið þess enn merki hér og þar um landið. Á nokkrum stöðum hlutu menn að biða nýrrar tækni og verkþekkingar til þess að úr slíku yrði bætt, sbr. að nú er í smíðum brú yfir Borgarfjörð og ef til vill kemur síðar brú yfir Hvalfjörð. Hinar eldri leiðir falla ekki niður fyrir það, þær standa öllum til boða sem hafa nægan tíma og bensín til að aka í aðra stefnu en þá sem beinust er eða kjósa sér það til lystisemda, að því slepptu að þær þjóna áfram sveitunum þar sem þær liggja.

Ein af lykkjum póstleiðanna gömlu, sem innbyrt var í meginakvegakerfi landsins, blasir við í Skagafirði: Norðurlandsbraut frá Víðimýri til Silfrastaða. Ýmsir hafa tekið eftir því, að völ væri annarrar leiðar og styttri milli þessara staða héraðsins, nefnilega fram Tungusveit og yfir brú á Vötnunum undan Flatatungu, leiðar sem ein er samboðin nútíðarlegum sjónarmiðum í gerð akbrauta

héraða milli, hvað þá hraðbrauta. Mig minnir að séra Bjartmar Kristjánsson, þá prestur á Mælifelli, hafi fyrir 10-15 árum ritað í blað um vegalögn þessa leið, en hugmyndin er þó miklu fyrr fram komin, eða ekki síðar en 1893, í bréfi því sem hér fer á eftir og er að finna í *Bréfabók Lýtingsstaðahrepps 1860-1898*. Sú bók er nú varðveitt í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Eitt sinn þegar ég fletti henni rakst ég á bréfið, og mér þótti strax að það ætti erindi út fyrir bókarspjöldin. Fyrst nú er búið að stofna kynningarritið Safnamál, þá er tilvalið að bréfið birtist þar, ekki aðeins sjálfs sín vegna, heldur líka til vitnisburðar um, að í Héraðsskjalasafninu er margt gott að finna, þótt í gleymsku hafi fallið.

Bréfið er dagsett 30. janúar 1893 og ritað, eins og fram kemur við lestur þess, í umboði hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps. Viðtakandinn er Ólafur Briem, sýslunefndar- og alþingismaður á Álfgaivöllum, en á penna heldur Árni Eiríksson bóndi og oddviti á Nautabúi, síðast bankagjaldkeri á Akureyri. Til skýringar skal þess ennfremur getið, að kláfferjan undan Flatatungu sem minnzt er á í bréfinu, hélzt í notkun til ársins 1929. Þá bilaði hún, svo af hlaut dauðaslys, og var hún þá lögð niður.

Nú er liðinn hálfur níundi áratugur síðan mælt var til þeirrar lagfæringar á landpóstaleiðinni norðanlands sem sett er fram í bréfi Árna Eiríkssonar, og rökin fyrir henni standa enn í góðu gildi nema þau, að ekki yrði gerð tryggileg brú yfir Héraðsvötn utar en hjá Flatatungu. Þar er að vísu fyrirtaks brúarstæði sem enn bíður verkfræðinga og smiða, en mönnum þótti víst hentara að láta Grundarstokksbrú ganga fyrir. Hún var fullgerð 1927, og sett næst því sem ferjustaður var áður. En úr því gallað þótti að landpóstaleið skyldi ekki einu sinni liggja „í réttum vinkel“ yfir meginhéraðið, eins og bent er á í bréfinu, hvað má þá segja nú, þegar miða skal við hraðferðir á bifreiðum. Kannski vígja menn brú undan Flatatungu árið 1993, nákvæmlega hundrað árum eftir hreppsfundinn á Mælifelli sem stakk upp á skynsamlegum samgöngubótum, ekki aðeins í þarfir „frambyggja Skagafjarðar“, heldur allra þeirra sem ferðast um miðbik Norðurlands.

Hannes Pétursson.

„Það hefir lengi verið ljóst, hve óþægilegt það er fyrir oss frambyggja Skagafjarðarsýslu, að hafa enga ferju yfir Héraðsvötnin frammar en undan Völlum og Syðstugr., og þann 1. apríl 1878 kom fyrst til umræðu á fundi að Lýtingsstöðum að ráða bót á þessu, en þar sem ekki var hægt vegna afstöðu að koma við ferju, en engin tók á sökum fjárskorts að byggja brú — sem allir þó sáu að hefði verið æskilegast — var ákvarðað að koma upp kláfrætti undan Flataungu, og nokkru síðar var það framkvæmt mestmegnis fyrir samskot, og að nokkru leyti fyrir styrk úr vegasjóði sýslunnar. Þó nú samgöngumeðal þetta sé ófullkomið að því leyti, að oft getur komið fyrir, að hestum verði ekki komið yfir um Vötnin, þó hægt sé fyrir menn og farangur að komast á kláfnum, og þegar þess er einnig gætt, að ekkert fé hefir verið lagt til af opinberum sjóðum til að gjöra færan veg að kláfnum, þá sést þó af reikningum stofnunarinnar, að hún hefir verið eigi alllitið brúkuð og væri það enn, ef ekki hefði sá hængur komið á, að sá eini sem um var að gjöra sem ferjumann, Þorkell bóndi á Flatatungu, hefir þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hreppsnefndarinnar neitað að hafa umsjón kláfráttarins á hendi. Þó nú hreppsnefndin álíti að kláfurinn heyri undir umsjón sýslunefndarinnar og ég búist við að oddviti hennar muni bera mál þetta undir hana, samkvæmt bréfi mínu til hans dags. 26. júní f.á., leyfi ég mér þó hérmeð, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á fundi að Mælifelli 25. þ.m., að fara um mál þetta nokkrum orðum, skoðað frá annarri hlið.

Eins og kunnugt er, er ferjan á Völlum, að kláfnum undanteknum, nál. hið eina sem tengir oss frambyggja Skagafjarðar austan og vestan Vatna, og að miklu leyti héraðið öðrum landsfjórðungum, þar sem aðal póstsleiðin er lögð þar um, en það er hvorttveggja, að póstsleiðin virðist þar ekki heppilega lögð, þar sem vegurinn frá Stóra-Vatnsskarði, um Velli og til Norðurárdals er ekki einu sinni réttur vinkill, heldur töluvert fjær beinni línu, og í öðru lagi er ferjan

ekki einhlít, eins og best sýndi sig á næstliðnu vori, þegar Akureyr-arpósturinn komst hvergi yfir Héraðsv. nema á kláfnum. Sýnist því full nauðsyn, ef hægt væri að sameina það tvennt, að fá póstleiðina beinni og fá um leið tryggt samgöngumeðal yfir þennan farartálma héraðsins. Öllum sem til þekkja er það ljóst, að leiðin er miklu beinni, sé hún lögð frá Víðimýri, um Reyki í Tungusveit fram Dalspláss og yfir Vötnin nálægt Flatatungu, og vill þá svo vel til, að þar er einmitt sá norðasti staður að meiningu hreppsnefndarinnar, sem brú yrði óhult á Héraðsvötnum. Það er nú hvorttveggja, að brú þessi yrði það stórvirki, að hún yrði héraðsbúum ofvaxin, enda heyrði hún fremur undir landið sem heild, þar sem hún þá yrði á aðal póstleiðinni, og það virðist enda benda til, að þingið yrði ekki ófúst til þess, þar sem það veitti svo drengil. hjálp til að koma svifferju á „Ósana“, sem þó eingöngu varða héraðsbúa.

Í umboði hreppsnefndarinnar í Lýtingsstaðahrepp leyfi ég mér því hérmeð að skora á yður, herra sýslunefndarmaður, að bera mál þetta upp á næsta aðalfundi sýslunefndar Skagf., svo hún geti, ef henni þykir fyrirtæki þetta þess vert, gjört ráðstafanir til að skoðað verði brúarstæðið, og enda undirbúið það á fleiri vegu, áður næsta alp. kemur saman.

Til sýslunefndarm. Lýtingsst.hr.“


Úr Héraðsskjalasafni

Vitnisburðarbréf Jóns Konráðssonar í Gröf, 1742.


Lesendum og heyrendum þessara vitnisburðar orða óskum vér undirskrifaðir friðar og blessunar af Guði Föður fyrir Jesum Kristum!

Eftir því vor elskulegur skólabróðir, Jón Konráðsson, sem héðan úr dómkirkjuskólanum á Hólum í Hjaltadal er burtu vikinn, hefur beðið oss að unna sér sameiginlega sannleikans meðkenningar, hversu þessi vor fyrrnefndur elskulegur skólabróðir hafi sér hegðað til orðs og æðis um allan þann tíma, er vér tilvitað höfum: þá til að fullnægja þeirri hans bróðurlegri eftirleitni og tilmælum, vitnum vér allir almennilega og hver einn sérdeilislega, með hreinni samvizku, fyrir utan allt fylgi, af gúnst eður velvild, heldur svo sem vér vildum í hvern stað bíkenndir verða, að þessi vor hértéður elskulegur skólabróðir Jón Konráðsson, hefur sér í allan máta ærlega og frómlega hagað og hegðað, með hugljúfu dagfari við sérhvern af oss, bæði til orða og verka, leynt og opinberlega, það við frekast vitna kunnum, so enginn af oss, hans skóla meðbræðrum, kunnum annað að vitna en hann í allan ærlegan og skikkanlegan máta frá þessum Triviel -Hólaskóla vikinn sé.

Óskum so allir með einum huga, að andi Guðs Almáttugs sé honum sá hollasti leiðsagnari hvar sem hann héðan frá sínar tím-anlegar lífsstundir framdraga kann! Innstillist so þessi vor vitnis-



Vitnisburðarbréf Jóns Konráðssonar í Gröf. Forsíða.



Úr vitnisburðarbréfi Jóns í Gröf.

burður til vors velæruverðuga kæra Preceptoris Dni Sigurðar Vigfússonar sanngirnilegs samþykkis: Hvern vér staðfestum með vorum undirskrifuðum nöfnum að Hólaskóla í Hjaltadal þann XXIII Januarii Anno MDCCXLII.

Jón Eiríksson	Sigurður Þorleifsson
Stefán Björnsson	Skafti Árnason
Helgi Jónsson	Benedikt Pálsson
Grímur Jónsson	Jón Sveinsson
Illugi Sigurðsson	Eyjólfur Sigurðsson
Bjarni Pálsson	Þorvaldur Jónsson
Guðmundur Sigurðsson	Guðmundur Teitsson
Einar Magnússon	Sigfús Jónsson
Stefán Halldórsson	Jón Jónsson
Jón Jónsson	Ásmundur Pálsson
Einar Þórdarson	Páll Sveinsson
Sigurður Jónsson	Oddur Sæmundsson

Meo suffragio factum. Testor

S. Wigfusius.

Hrossakaupasamningur

Í Héraðsskjalasafninu er að vonum margt smáskemmtilegt að finna. Hér gefur að líta hrossakaupasamning fyrrverandi hjóna, Símonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttur, en veturinn áður höfðu þau skilið að lögum eftir brösótta sambúð:


Hér með höfum við undirrituð svolátandi hestakaup, að ég, Símon Bjarnarson, sel og afhendi í dag Margréti Sigurðardóttur á Hellu moldóttan hest 13 vetra, sem ég á, til fullrar eignar og umráða fyrir 60 krónur og set jafnframt það upp, að ég megi brúka hann í eina flutningsferð yfir að Mælifelli og eina ferð til reiðar norður á Akureyri fyrir Jónsmessu í vor, en ábyrgist hann fyrir meiðslum og slysum, sem stafað gætu af mínum völdum, eins og sá er skyldur til, sem fær hest lánaðan hjá öðrum. En ég Margrét Sigurðardóttir sel og afhendi í dag Símoni Bjarnarsyni á Sólheimum, til borgunar þeim moldótta, hryssu jarpa, sem ég á 6 vetra, á 40 kr. og losa hann við að greiða mér 20 kr., sem honum annars bar að greiða mér í haust.

Með þeim skilyrðum og undantekningum, sem hér að ofan eru nefnd, að því við bættu, að ég, Margrét Sigurðardóttir, lofa að láta Símon sitja fyrir kaupum á hestinum moldótta, ef ég sel hann, að jöfnu verði og aðrir bjóða mér fyrir hann, — er hinn moldótti frá þessum degi eign Margrétar Sigurðardóttur á Hellu og jarpa hryssan og nefndar 20 kr. eign Símonar Bjarnarsonar á Sólheimum.

Stödd á Miklabæ 4. dag júním. 1888

Símon Bjarnarson,

Margrét Sigurðardóttir,
(handsalað).



Rithönd Símonar Dalaskálds. Úr Mera-Eiríksögu.

Úr Árbókum Skagafjarðarsýslu

Hinn 18. marz 1938 var svofelld tillaga borin upp á fundi Sögufélags Skagfirðinga af Jóni Sigurðssyni á Reynistað og samþykkt í einu hljóði:

„Aðalfundur Sögufélags Skagfirðinga ákveður að hefjast handa um að safna saman og skrá árlega innanhéraðsviðburði hvers liðins árs svo og viðburði, er snerta sérstaklega héraðið, ennfremur árferði, þar til telst tíðarfar, skepnuhöld, heyskap, aflabrögð, verzlun og m.fl., er skiptir máli fyrir afkomu Skagfirðinga. Viðburðina skal skrá í annálsformi, og skal árbók síðastliðins árs lögð fram á aðalfundi félagsins.

Til þess að annast árbókargerðina kýs aðalfundur 2ja manna ritnefnd til eins árs í senn, en stjórn félagsins tilnefnir formann nefndarinnar.

Í nefndina voru kosnir þeir: Stefán Vagnsson og Kolbeinn Kristinsson, Skriðulandi.“

Í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eru nú varðveittar Árbækur Skagafjarðarsýslu 1938-1954, að báðum árum meðtöldum, ritaðar af Stefáni Vagnssyni til 1944, en framhaldið af Kolbeini Kristinssyni.

Hér eru tekin tvö sýnishorn úr árbókinni 1938.

„Skipun héraðslæknis

Jónas Kristjánsson, sem var búinn að vera hér héraðslæknir í full 27 ár, hafði sagt af sér læknisstörfum frá áramótum og fluttist alfarinn til Reykjavíkur 26. des., en fjölskylda hans var farin áður um haustið héðan. Braga Ólafssyni lækni í Hofsósi var falið að þjóna læknisembættinu unz það yrði veitt.

Þegar það fréttist um héraðið, að Jónas væri búinn að segja af sér embættinu, skorðu héraðsbúar á Úlfar Þórðarson lækni frá Kleppi að sækja um héraðið, því að hann hafði áður þjónað embættinu í fjarveru Jónasar og kynnt sig að góðu sem lækni. Var safnað undirskriftum í því augnamiði, og voru komin á annað þúsund nöfn þar undir. Stóð til að veita honum embættið, eða var jafnvel búið, en þá setti landlæknir sig á móti því, svo og læknafélagið, og tók þá Úlfar aftur umsókn sína. Varð af þessu óánægja og þjark í blöðunum.

Jónasar var almennt mjög saknað og þeirra hjóna, því að auk þess að vera einn fremsti skurðlæknir landsins og hinn ágætasti á því sviði, studdi hann mjög að ýmsum framfaramálum innan héraðsins. Hann var einn af stofnendum Framfarafélags Skagfirðinga og jafnan í stjórn þess. Einnig í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga um nokkurra ára skeið.

Hann var einnig hinn mesti framkvæmdamaður í ræktun og byggingum, og lagði stórfé í það.

Áður en hann fór, héldu héraðsbúar honum og fjölskyldu hans samsæti á Sauðárkróki, og er þess getið hér á eftir.

Samsæti

Þann 16. sept. var þeim hjónum Jónasi Kristjánssyni, lækni og frú Hansínu Benediktsdóttur, ásamt börnum þeirra og Rebekku Ólafsdóttur, haldið samsæti á Sauðárkróki. Fór það fram í sýslutjaldinu, sem var sett á túnið vestan við Hótel Tindastól. Um 200 manns sátu hof þetta, víðs vegar að úr læknishéraðinu og utan þess, t.d. vestan úr Húnavatnssýslu.

Þessar ræður voru fluttar, eftir að Sigurður sýslumaður hafði sett samkomuna og boðið gesti velkomna, en hann stjórnaði einnig samkomunni með mesta skörungsskap.

Fyrir minni lækni: Sigurður Þórðarson, kaupfélagsstjóri.

Fyrir minni frú Hansínu: Pétur Hannesson, Sauðárkróki.

Fyrir minni barna þeirra: sr. Hallgrímur Thorlacius.

Fyrir minni Rebekku: sr. Helgi Konráðsson.

Auk þess fluttu ræður: Sigurður Sigurðsson, sýslumaður; sr. Tryggvi Kvaran, Mælifelli; Friðrik Hansen, oddviti, Sauðárkróki; Valdimar Guðmundsson, bóndi í Vallanesi; Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Reynistað; Jón Pálmason, alþingismaður á Akri, Húnavatnssýslu; Sigurður Þórðarson, Egg; og Stefán Vagnsson, Hjaltastöðum. Einnig fluttu þeir honum kvæði Jónas Jónasson frá Hofdölum og Jón Bakkaskáld.

Karлакór Sauðárkróks skemmti með söng, og stóð mótið fram á nótt og þótti öllum hið skemmtilegasta; og er því var slitið, fylgdi allur skarinn heiðursgestunum heim að húsi þeirra hjóna og bað þau vel lifa.“

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuðum gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja ekki nýta:

Í arinskerslum leynist löngum lagleg spýta.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga.

Hver er maðurinn?

Þess hefur áður verið getið hér í ritinu, að mikið sé nafnlausra mynda í vörzlum héraðsskjalasafnsins. Stundum hefur tekizt að nafngreina þær, en kostað hefur það mikinn tíma og fyrirhöfn; oftast er hitt er gátan óráðin.

Hér á eftir eru birtar nokkrar myndir, sem svo er ástatt um. Lesendur eru vinsamlegast beðnir að huga að þeim og senda svör til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, beri þeir kennsl á þær.




1



2



3




4



5



6



7



8



15



16



17



9




10




11



18



19



20



12



13



14



21



22



23

Safnafréttir

Árið 1977 voru veittir tveir styrkir úr Fræðasjóði Skagfirðinga. Hann hlutu: Stefán Jónsson ættfræðingur á Höskuldsstöðum og Gísli Magnússon frá Frostastöðum. Samþykkt var að veita Gísla kr. 25.000 fyrir árið 1975 vegna ritgerðar hans til cand.mag. prófs, *Verzlunarsamtök í Skagafirði 1858-1889*, en Stefáni kr.30000 fyrir árið 1976 vegna ritgerðar, sem nefnist *Páttur jarðeigenda þeirra, sem áttu jarðirnar í Skagafjarðarsýslu 1709 og 1713, þegar jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var samin.*

Enn hefur höfundarréttur að ritverkum Þóris Bergssonar og lagi Sigurðar Helgasonar, *Skín við sólu Skagafjörður*, orðið Héraðsskjalasafninu góð tekjulind. Námu höfundarlaunin alls árið 1977 kr. 113.443. — Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga styrkti myndasafnið með 120.000 kr. gjöf. Þjóðhátíðarsjóður Íslands veitti á þessu ári (1978) Héraðsskjalasafninu kr. 500.000 til myndskráningar og myndasöfnunar.

Tveir Skagfirðingar hafa afsalað sér höfundarrétti til Héraðsskjalasafns: Björn Egilsson frá Sveinstöðum og Sæmundur Dúason, fv. kennari. Verður síðar gerð frekari grein fyrir þeim gjöfum.

Kristbjörg, Ólöf og Lovísa Guðmundsdætur frá Ási í Hegranesi færðu Héraðsskjalasafninu að gjöf í sumar handrit og gripi góða, m.a. teikningu eftir Sigurð málara Guðmundsson, og birtist mynd af henni hér í heftinu.



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg
og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16

útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 5— 7 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4— 7 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 7 s.d.

Lestrarsalur er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu:

Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 6 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA